

Mánudaginn 5. apríl 1993.

Nr. 121/1993. **Monika Blöndal**

gegn

**Péttri Blöndal.**

Kærumál. Aðfarargerð. Meðlag. Börn.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1993, sem barst Hæstarétti 16. mars. Hún gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að teknar verði til greina kröfur sínar í héraði um fjárnám hjá varnaraðila fyrir eftirgreindum ógreiddum meðlögum:

„1.1. Davíð Blöndal, 1. júlí 1990 til 23. ágúst s.á.	kr. 11.929
1.2. Dagný Blöndal, 1. júlí 1990 til 13. sept. s.á. —	16.663
1.3. Stefán Blöndal, 1. júní 1992 til 1. sept. s.á. —	37.755
1.4. Stella María Blöndal, 1. júlí 1990 til	
1. sept. 1992	— 196.513
	<hr/>
	kr. 262.860
2. Dráttarvextir frá gjalddögum meðlagsgreiðslna	
til 7. janúar 1993	— 88.862
	<hr/>
	Kr. 351.722

auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 7. janúar 1993 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði.“ Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur efnislega, en til vara, að aðfararhæf krafa verði stórlækkuð frá því, sem fram kemur í kæru. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

## I.

Aðilar máls þessa gerðu með sér skilnaðarkjarasamning 24. maí 1989 vegna fyrirhugaðs skilnaðar þeirra að borði og sæng. Samkvæmt samningi þessum fékk sóknaraðili forræði fjögurra barna þeirra hjóna, en varnaraðili skyldi greiða henni tvöfalt það meðlag,

sem ákveðið er af Tryggingastofnun ríkisins, með hverju barni til 18 ára aldurs þeirra frá 1. maí 1989. Meðlagið skyldi greiða mánaðarlega eftir á. Sóknaraðili fékk greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins einfalt meðlag með börnunum frá 1. maí 1989, en varnaraðili greiddi jafnframt beint til hennar tvöfalt meðlag með börnunum fram til 1. júlí 1990, en þá hætti hann greiðslu meðlaga. Varnaraðila var kunnugt um, að Tryggingastofnun ríkisins greiddi sóknaraðila einfalt meðlag allan tímann. Tvö elstu börnin, Davíð og Dagný, urðu 18 ára í ágúst og september 1990. Næstingsta barnið, Stefán Patrik, fluttist til varnaraðila í október 1989 og var hjá honum þar til 1. maí 1992. Sóknaraðili gerir ekki kröfu til greiðslu tvöfalds meðlags með Stefáni þann tíma, er hann var hjá varnaraðila.

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. barnalaga nr. 9/1981, sbr. 2. mgr. 19. gr. barnalaga nr. 20/1992, sem tóku gildi 1. júlí 1992, getur sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða barnið dveljist hjá honum samkvæmt lögumatri skipan. Sóknaraðili hafði forsjá þeirra barna, sem hér um ræðir, á því tímabili, sem krafan nær til, og annaðist framfærslu þeirra. Er hún því réttur aðili máls þessa.

## II.

Á tímabilinu frá maí 1989 til og með júní 1990 greiddi varnaraðili beint til sóknaraðila tvöfalt meðlag með fjórum börnum, samtals 595.848 krónur. Innifaldar í þeirri fjárhæð eru 120.536 krónur, sem hann greiddi með Stefáni Patrik, þótt hann væri hjá varnaraðila. Auk þessa greiddi varnaraðili til Innheimtustofnunar sveitarfélaga 595.848 krónur. Innifaldar í þeirri fjárhæð eru 120.536 krónur, sem hann greiddi með Stefáni Patrik, þótt hann væri hjá varnaraðila. hann telur sig hafa ofgreitt til sóknaraðila, 438.134 krónur (317.598 + 120.536 krónur), komi til skuldajafnaðar kröfu sóknaraðila.

Samkvæmt skilnaðarkjarasamningi aðila átti varnaraðili að greiða tvöfalt meðlag með hverju barni aðila. Sóknaraðili átti ekki kröfu á hærra meðlagi en þar var kveðið á um. Þær meðlagsgreiðslur, sem varnaraðili hefur innt af hendi umfram það, sem um var samið, geta komið til skuldajafnaðar við kröfu sóknaraðila, enda er hér um samrætta kröfu að ræða. Ekki er í ljós leitt, að

varnaraðili hafi ætlað sér að inna af hendi aukið meðlag með þessum greiðslum eða fallið frá rétti til endurkröfu vegna þeirra. Er kröfum sóknaraðila um fjárnám hjá varnaraðila því hafnað.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Moniku Blöndal, um aðför í eignum varnaraðila, Péturs Blöndal, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 17. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 9. nóvember sl. barst Héraðsdómi Reykjavíkur beiðni um aðför frá Moniku Blöndal, þar sem þess er krafist, að gert verði fjárnám hjá Pétri Blöndal vegna ógreiddra meðlaga með fjórum börnum þeirra, en við lögskilnað gerðarbeiðanda og gerðarþola 24. maí 1989 gerðu þau með sér samkomulag um, að börnin yrðu hjá móður og faðir greiddi tvöfalt meðlag.

Gerðarþoli hefur mótmælt fram kominni kröfu um aðför, hann hafi ofgreitt meðlög nú þegar, og enn fremur sé um aðildarskort gerðarbeiðanda að ræða, þar sem meðlagið sé eign barnanna, en ekki gerðarbeiðanda.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Gerðarþoli greiddi tvöfalt meðlag beint til gerðarbeiðanda, en gerðarbeiðandi fékk einfalt meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins frá árinu 1989 fram á mitt ár 1990. Í fyrstu endursendi gerðarbeiðandi gerðarþola ofgreitt meðlag, en hann sendi henni ávísun til baka og hélt áfram að greiða tvöfalt meðlag, auk þess sem Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimti einfalt meðlag hjá gerðarþola. Á tímabilinu frá því í júlí 1989 til júlí 1990 greiddi gerðarþoli þrefalt meðlag með börnum sínum.

Í aðfararbeiðninni eru sundurliðuð þau tímabil, sem meðlag er ógreitt:

1. Davíð Blöndal, f. 23. ágúst 1972, frá 1. júlí 1990 til 23. ágúst s. á., en þann dag varð hann 18 ára, 11.929 kr.
2. Dagný Blöndal, f. 13. september 1972, frá 1. júlí 1990 til 13. september sama ár, en þann dag varð hún 18 ára, 16.663 kr.
3. Stefán Blöndal, f. 28. júní 1976, frá 1. júní 1992 til 1. september s. á., 30.204 kr.

4. Stella María Blöndal, f. 30. mars 1980, frá 1. júlí 1990 til 1. september 1992, 175.266 kr., samtals 234.062 kr., auk dráttarvaxta frá gjalddögum meðlagsgreiðslna til 6. nóvember 1992, 79.186 kr., og innheimtukostnaðar, 41.205 kr., samtals 354.453 kr.

Í greinargerð gerðarbeiðanda kemur fram, að ógreidd meðlög hafi verið vanreiknuð í aðfararbeiðni, þar sem í stað 234.062 kr. kemur talan 262.860 kr., og hækkar dráttarvaxtakrafa úr 79.186 kr. í 88.862 kr.

Gerðarbeiðandi hafnar skuldajöfnuði af hálfu gerðarþola, sem heldur því fram, að hann geti vegna ofgreiðslu á meðlagi skuldajafnað því á móti ógreiddu meðlagi.

Gerðarbeiðandi krefst málskostnaðar.

Gerðarþoli krefst þess aðallega, að synjað verði um aðför, en til vara, að aðfararhæf krafa verði stórlækkuð. Gerðarbeiðandi mótmælir því, að gerðarþoli hækki kröfu í greinargerð frá því, sem var í aðfararbeiðni.

Gerðarþoli krefst málskostnaðar.

Gerðarþoli bendir á það, að gerðarbeiðandi sé Monika Blöndal, en ekki börn hennar, sem séu réttir aðilar að málinu, því að meðlagið sé þeirra, sbr. 6. tl. 1. gr. lögtaklaga nr. 29/1985 og 1. mgr. 23. gr. barnalaga nr. 9/1981, sbr. nú 1. mgr. 19. gr. barnalaga nr. 20/1992. Tvö af börnunum eru þegar orðin fjárráða.

Með vísan til 1. mgr. 84. gr. aðfararlaga, sbr. XII. kafla s. 1., sbr. 1. mgr. 19. gr. barnalaga nr. 20/1992 og 2. mgr. 16. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, ber að sýkna gerðarbeiðanda af kröfu gerðarþola vegna aðildar-skorts, og er því kröfu gerðarbeiðanda um aðför synjað.

#### *Málskostnaður.*

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 40.000 kr. í málskostnað.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gerðarþoli, Pétur Blöndal, er sýknaður af kröfu gerðarbeiðanda, Moniku Blöndal.

Gerðarbeiðandi, Monika Blöndal, greiði gerðarþola, Pétri Blöndal, 40.000 kr. í málskostnað.